




Stýrimannastígur 15 (fsp) endurhönnun lóðar

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Maríu Hrannar Gunnarsdóttur, dags. 25. maí 2023, um endurhönnun á garði við austurhlið hússins á lóð nr. 15 við Stýrimannastíg sem felst í því að setja upp skábraut frá götu að inngangi, breyta halla lóðarinnar, setja upp vegg o.fl., samkvæmt skissu, ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Loftmynd, 20.07.2022.



Skjáskot af vefsíja ja.is, 2022.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag: Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 26. apríl 2012. Skv. aðalskipulaginu er Stýrimannastígur 15 í skilgreindri íbúðarbyggð, svæði ÍB1 Gamli Vesturbærinn, í borgarluta 01 Vesturbæ. Þar er því lýst sem grónu íbúðarhverfi sem var fullbyggt að mestu fyrir 1959. Heilsteypt byggð sem að hluta nýtur verndar vegna byggðamynsturs.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag:

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina og svæðið norðan við Landakot og niður að Vesturgötu, en svæðisvernd hvílir á svæðinu.

Umsögn

Óskað er eftir að setja upp skábraut frá götu að inngangi, breyta halla og setja upp vegg ofl. samkvæmt ódagssettri skissu.

Húsið að Stýrimannastíg 15 var byggt árið 1900 og er friðað. Það er fallett timburhús sem hefur verið vel við haldið. Árið 1908 varð húsið fyrir brunaskemmd en var endurbætt. Árið 1933 var teiknaður kjallari undir húsið og það hækkað og flutt til á lóðinni upp að götulínu Öldugötu árið 1937. Við húsið standa litlir skúrar og lystihús.

Hús sem reist eru 1923 eða fyrr njóta friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 29. gr.

Bent er á að girðing eða veggur á lóðamörkum götu skal hæfa byggingarstíl hússins og skal hann ekki vera hærri en 1,2 m. Einnig er bent er á að gróður við götu skapar hlýlegra yfirbragð.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið. Gera þarf lóðaruppdrátt sem sýnir helstu breytingar og leggja inn byggingarleyfisumsókn ásamt umsögn Minjastofnunar.

f.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.

